



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Nútímabókmenntir

ÍSLE3NB05

Námsáætlun vorönn 2023

Kennarar

Stefán Hannesson (SHA)

Puríður Magnúsína Björnsdóttir (PMB)

Áfangalýsing

Í áfanganum kynast nemendur íslenskri bókmenntasögu frá 1920 til nútímans í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði hérlendis og erlendis. Nemendur læra um helstu höfunda þessa tímabils, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og reyna að átta sig á erindi þeirra við eigin samtíma og nútímamann.

Markmið áfangans

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru
- ritgerðarsmið og heimildavinnu
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast honum í ræðu og riti
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- helstu bókmenntastefnum sem tengjast viðfangsefninu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og vandaðan hátt á blæbrigðaríku máli
- ganga frá texta til birtingar
- nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli
- nýta sköpunargáfu við vinnslu verkefna

Hæfniviðmið

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka og bera saman bókmenntaverk og setja þau í sögulegt samhengi
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- velja ritstíl sem hæfir aðstæðum
- tjá rökstudda afstöðu

Námsefni

- Elínborg Ragnarsdóttir og Sólveig Einarsdóttir. (2017). *Skáld skrifa þér – brot úr bókmenntasögu frá 1920 til nútímans*. JPV-útgáfa.
- Guðlaug Guðmundsdóttir og Hildur Ýr Ísberg (völdu efni). (2020). *Randafluga: Úrval smásagna og ljóða*. Forlagið.
- Kristín Helga Gunnarsdóttir. (2015). *Litlar byltingar*. Mál og menning.
- Kjörbók eftir íslenskan höfund og skrifuð eftir 2010.
- Efni frá kennurum.

Námsmat

25% bókmenntasaga. Nemendur þreyta tvö próf. Til þess að tileinka sér efnið sem best mælum við með því að lesa vel um viðfangsefnið, vinna og fást við ýmiss konar texta og taka þátt í umræðum.

35% Litlar byltingar – draumar um betri daga, þrjú próf og bókmennta- og heimildaritgerð.

20% kjörbók; greining og kynning.

10% lokaverkefni.

10% mæting, virkni og frumkvæði í umræðum og verkefnavinnu.

Kröfur og verkefnaskil

- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlöggn fer eingöngu fram þar, hvort sem um er að ræða fjarkennslu eða staðkennslu.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Verkefni birtast í Innu og er almennt skilað rafrænt þangað. Eftir skiladag er gefið tveggja daga svigrúm til að skila verkefni. Eftir að skilaboxi er lokað er ekki hægt að skila nema lögleg forföll hafi verið tilkynnt fyrir skiladag. Nemendur með lögleg forföll verða að skila verkefni eigi síðar en viku eftir skiladag.
- Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur tekið sjúkrapróf. Kennari ákveður sjúkraprófsdag.
- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema þess þurfi í tengslum við verkefni. Ekki er leyft að vinna verkefni sjálf í símanum.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Nútímabókmenntir – vinnuáætlun vorönn 2023

Vika	Dags.	Viðfangsefni og verkefni
1	5.-6. janúar	Áfangi kynntur. Kynning á innihaldi áfanga, kröfum hans og áherslum.
2	9.-13. janúar	Tímabilið 1920-1930. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 13-23. Almennt um íslenskar bókmenntir á 20. öld. Ljóð og ljóðgreining.
3	16.-20. janúar	Tímabilið 1930-1950. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 25-69. Almennt um íslenskar bókmenntir á 20. öld. Ljóð- og textagreining.
4	23.-27. janúar	Tímabilið 1920-1950. Próf 1; deiglan og félagslegt raunsæi. Litlar byltingar , bls. 9-50. Lestur heima og verkefnavinna í tíma.
5	30. janúar- 3. febrúar	Litlar byltingar , bls. 51-90. Verkefni. Próf 1.
6	6.-10. febrúar	Litlar byltingar , bls. 91-180. Ritgerðarefni lagt fyrir. Verkefni. Próf 2.
7	13.-17. febrúar	Litlar byltingar , bls. 181-272. Próf 3. Ritgerðarskrif í tíma og heima.
8	20.-24. febrúar 20. Verkefnadagur Miðannarmat	Litlar byltingar , úrvinnsla og ritgerð. Ritgerðarskrif í tíma og heima.
9	27. febrúar-3. mars 1.-3. Kátir dagar – Flóafár	Litlar byltingar. Ritgerðarskrif í tíma og heima. Skila ritgerð í síðasta lagi 28. febrúar. Nemendur velja kjörbók.
10	6.-10. mars 8. Áfangamessa	Tímabilið 1950-1970. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 71-123. Verkefnavinna og textagreining. Kynning á hetjumynstrinu (Hero's Journey). Lesu kjörbók heima – hafa hetjumynstrið í huga.
11	13.-17. mars	Tímabilið 1950-1970 og tímabilið 1968-1990. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 71-123 og 125-144. Verkefnavinna og textagreining. Lesu kjörbók heima – hafa hetjumynstrið í huga.
12	20.-24. mars	Tímabilið 1968-1990 og tímabilið 1990 til okkar daga. <i>Skáld skrifa þér</i> , bls. 125-144 og 145-172. Verkefni/próf. Próf 2; módernismi, nýraunsæi, töfraraunsæi, póstmódernismi.
13	27.-31. mars	Kjörbók. Nemendur undirbúa kynningu á kjörbók út frá hetjumynstrinu.
14-15	3.-11. apríl	PÁSKAFRÍ
15	12.-14. apríl	Kjörbók. Kynning flutt.
16	17.-21. apríl 20. Sumard. fyrsti	Það nýjasta í íslenskum bókmenntum. Skáld skrifa þér, bls. 189-211, auk annars efnis frá kennara. Lokaverkefni.
17	24.-28. apríl	Það nýjasta í íslenskum bókmenntum. Skáld skrifa þér, bls. 189-211, auk annars efnis frá kennara. Lokaverkefni flutt.
18	1.-5. maí	Lokaverkefni flutt.

Með fyrirvara um breytingar á kennsluáætlun og ósk um áhuga og góða mætingu, 4. janúar 2023.

Stefán Hannesson (SHA) stefanhannesson@fsu.is

Þuríður M. Björnsdóttir (PMB) thuridur@fsu.is